

140 Fyrir flutningskostnaði til útsölustaðar má eigi reikna hærri viðbótar-
31. des. álagningu en 3 af hundraði.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt frá 50 til 20000 krónum, ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vörur þær, sem reglugerð þessi tekur til og inn eru fluttar í heimildarleysi, gerðar upp-tækar og afhendast tóbakseinkasölnunni til ráðstöfunar. Andvirði telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóðs.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1934.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð hins íslenska kven-félags“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands, 5. janúar 1905. Skipulagsskráin er þannig:

141

5. jan. '05.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjúkrasjóð Hins íslenska kvenfélags.

1. gr.

Hið íslenska kvenfélag gefur hér með Íslandi sjúkrasjóð þennan, sem er að upphæð 3540 kr. 12 a.; eiga fátaekir sjúklingar um allt land að njóta góðs af honum framvegis eftir því sem segir í skipulagsskrá þessari.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóður hins íslenska kvenfélags“.

2. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna nefnd: Landlæknir, forseti kvenfélagsins og einn maður, er félagið kys. Nefndarmenn skipta með sér störfum.

3. gr.

141

5. jan. '05.

Fyrir höfuðstól sjóðsins skal kaupa bankavaxtabréf, er hljóða upp á nafn sjóðsins. Höfuðstólinn má aldrei skerða og auk þess skal árlega leggja $\frac{1}{4}$ hluta af vöxtunum við höfuðstólinn, en allt að $\frac{3}{4}$ hlutum skal árlega verja til styrktar fátækum sjúklingum um land allt. Utan Reykjavíkur geta þeir einir orðið styrksins aðnjótandi, er leita læknishjálpar til Reykjavíkur og leggjast þar á sjúkrahús. Til sjúklinga, er búsettir eru í Reykjavík, er styrkveitingin eigi bundin við spítalavist; þó má styrkur til sjúklinga þeirra, er liggja utan spítala, aldrei fara fram úr $\frac{1}{3}$ hluta af fé því, er til úthlutunar kemur á ári hverju.

Styrk úr sjóðnum skal veita tvisvar á ári, 1. maí og 1. nóvember. Hverjum einstökum sjúkling skal aldrei veitt lægri upphæð en 25 kr.

4. gr.

Þeir sem æskja styrks af sjóðnum, skulu senda umsókn sína um styrk til stjórnarnefndarinnar fyrir 15. apríl og 15. október ár hvert, og skal umsókninni fylgja vottorð áreiðanlegs manns um efnahag og kringumstæður umsækjanda. Þó skal það tekið fram, að þeir, sem þiggja af sveit, geta ekki orðið aðnjótandi styrksins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal reikningur sjóðsins ár hvert auglýstur í einhverju blaði, er út kemur í Reykjavík. Sömuleiðis skal það auglýst í blaði, ef sjóðnum gefst fé, svo og nöfn gefendanna, og skal það fé jafnan leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir yfirumsjón með eignum sjóðsins og úrskurðar ársreikninginn. Reikningur sjóðsins fyrir hið umliðna ár skal sendast bæjarstjórninni fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

7. gr.

Skyldi svo fara, að „Hið íslenska kvenfélag“ liði undir lok, þá ræður Stjórnarráð Íslands kosningu tveggja manna, er stjórn skulu sjóðnum ásamt landlækni.

Í stjórn Hins íslenska kvenfélags.

Reykjavík, 26. apríl 1905.

Katrín Magnússon (forseti).

Jarþr. Jónsdóttir.

Ingibjörg Johnson.

María Kristjánsdóttir.

Sigprúður Kristjánsson.

Ingibjörg Bjarnason.

A. P. Þorkeðsson.

Guðrún Brynjólfsdóttir.

Theódóra Thoroddsen.